



Stúdenspróf í tölvuleikjagerð



MENNTASKÓLINN
ÁSRÚ



Menntaskólinn á Ásbrú

Menntaskólinn á Ásbrú byggir á hagnýtum verkefnum og sterkum tengslum við atvinnulífið. Við leggjum áherslu á færni til framtíðar, nútíma kennsluhætti og vinnuaðstöðu í sér-
klassa.

Markmið okkar er að bjóða upp á nám í tölvuleikjagerð sem svarar bæði ákalli atvinnulífsins eftir vel menntuðu og sérhæfðu starfsfólki og áhuga ungs fólks á menntun til starfa í skapandi greinum.

„Við viljum mennta nemendur sem upplifa það á eigin skinni að finnast þau búa yfir þekkingu og færni til þess að takast á við raunhæf verkefni í tölvuleikjagerð að loknu námi í MÁ.“

Nanna Kristjana Traustadóttir,
Skólameistari Menntaskólans á Ásbrú

Kennsluhættir sem hæfa nútíma nemendum


Notast er við nútíma kennsluhætti, vandinám, þverfaglega vinnu og verkefna miðað vinnulag. Engin lokapróf og fjölbreytt námsmat sem sinnt er jafnt og þétt. Nútímalegt, sveigjanlegt staðnám. Upphafi vinnudags er seinkað í svartasta skammdeginu.

Kjarninn snýst um tölvuleikjagerð

Tölvuleikjakjarninn samanstendur af sex áföngum í tölvuleikjagerð, markaðsfræði, frumkvöðlafræði, margmiðlun, heimspeki, eðlisfræði og listgreinum í bundnu vali.

Aðlaðandi starfsumhverfi miðað að vellíðan nemenda

Við erum með vinnuaðstöðu í sérklassa sérstaklega hannaða með það að leiðarljósi að vera nútímalegt, fjölbreytt og aðlaðandi starfsumhverfi þar sem nemendum líður vel og langar til þess að sinna vinnu sinni.



Breiður grunnur til þess að takast á við áskoranir framtíðarinnar

Nám á stúdentsbraut í tölvuleikjagerð veitir gríðarlega breiðan grunn til framhaldsnáms á háskólastigi, með færni til framtíðar að leiðarljósi – nemendum gefst rúmur kostur á að leggja sínar eigin áherslur með valgreinum. Öflugir námsráðgjafar eru nemendum innan handar og leiðbeina þeim allan námsferilinn.

Hafið samband

Við hvetjum ykkur til þess að bóka kynningu fyrir 10.bekkinga ykkar skóla sem fyrst. Vinsamlegast sendið tölvupóst á menntaskolinn@keilir.net eða nanna@keilir.net. Hver kynning er áætluð 15 mín.

